

Fundargerð aðalfundar Félags íslenskra röntgenlækna 2023

Tímasetning: fimmtudagur, 2. febrúar 2023

Staðsetning: Bragginn, Nauthólsvegur, Reykjavík

Fundarmenn:

Stjórn FÍR: Helgi Már Jónsson, Margrét Sturludóttir, Jóhann Davíð Ísaksson, Enrico Bernardo Arkink

Aðrir fundarmenn: Iðunn Leifsdóttir, Ágústa Andrésdóttir, Kolbrún Benediktsdóttir, Hildur Einarsdóttir, Börkur Aðalsteinsson, Pétur Hörður Hanneson, Stefán Kristjánsson, Jörgen Albrechtsen, Viktor Ágúst Sighvatsson, Guðrún Lilja Óladóttir, Mariella Tsirilaki, Auður Sigbergisdóttir.

Formaður félagsins setti fundinn kl. 19.06 og skipaði Enrico Bernardo Arkink fundarritara. Fundurinn var löglega boðaður. Dagskrá var samkvæmt lögum félagsins.

1. Skýrsla formanns

Síðasti aðalfundur (28.10.2021) var í miðju COVID faraldurs. Þá var Jóhann Davíð Ísaksson skipaður meðstjórnandi í staðinn fyrir Sigríði Möller og var Guðrún Lilja Óladóttir kjörin endurskoðandi. Síðan þá var haldinn fræðslufundur 21. september 2022 kl. 17.15 í Dönsku Stofunni á Geira Smart. Fundurinn var skipulagur af Icepharma/BAYER en var hóflega mætt.

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar

Margrét Sturludóttir gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins. Árgjald hefur verið greitt í norræna röntgenfélagið, ACTA radiologica, ESC og UEMS eins og áður. Ekki hefur verið rukkað fyrir félagsgjöldum síðasta ár. Engu að síður stendur félagið áfram mjög vel fjárhagslega.

3. Skýrslur nefnda

Félag íslenskra röntgenlækna aðili í eftirfarandi félögum og nefndum:

UEMS Radiology <https://www.uemsradiology.eu/>

UEMS Neuroradiology: Stefán Kristjánsson

Norræna röntgenfélagið: Helgi Már Jónsson og Maríanna Garðarsdóttir.

Helgi Már Jónsson situr í stjórn ACTA Stiftelsen sem fulltrúi FÍR.

ESR

- Quality, Safety and Standards Committee: Halldór Benediktsson
- Education Committee: Maríanna Garðarsdóttir
- Research Committee: Helgi Már Jónsson

Ekki náðist að safna saman upplýsingum um störf nefnda fyrir aðalfundfund FÍR.

4. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru lagðar fram.

5. Ákvörðun félagsgjalda

Ekki hefur verið rukkað fyrir félagsgjöldum síðastu ár en er það í höndum nýrrar stjórnar að ákveða hvort og hvenær það hefst. Félagsgjöld voru ákvörðuð 15.000 kr/ári fyrir fulla aðild á aðalfundi 28.10.2021. Eins og áður greiða eldri félagar sem hætt hafa störfum vegna aldurs, deildarlæknar og heiðursfélagar ekki árgjald.

6. Kjör stjórnar

Engin í núverandi stjórn gefur kost á frekari stjórnarsetu var óskað eftir framboðum í stöðu formanns, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Það barst framboð frá Hjalta Má Þórisssyni í formann, Haraldi Bjarnasyni í ritara, Arnari Þórisssyni í gjaldkera og Guðrúnu Lilju Óladóttur í meðstjórnanda. Framboð þeirra var samþykkt einróma af fundargestum.

7. Kjör endurskoðanda

Auður Sigbergisdóttir var kjörin endurskoðandi ársreiknings.

8. Kjör fulltrúa í stjórn Norræna röntgenlæknafélagsins

Maríanna Garðarsdóttir skipar annað af tveimur nefndarsætum Íslands.

Helgi Már Jónsson gefur ekki lengur kost á sér hitt nefndarsæti í stjórn Norræna röntgenlæknafélagsins og óskað var því eftir framboði í það embætti. Engin framboð bárust.

9. Önnur mál

Ekki voru önnur mál rædd.

Fundi slitið

Helgi Már Jónsson

Margrét Sturludóttir

Enrico Bernardo Arkink

Jóhann Davíð Ísaksson